

Mál nr. 58/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og B

Árekstur á gatnamótum Guðrúnargötu og Rauðarárstígs þann 08.02. 2007

Gögn.

Málskot móttakið 12.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Umferð um Rauðarárstíg hefur forgang gagnvart umferð um Guðrúnargötu m.ö.o. biðskylda er við gatnamótin.

A var ekið af Guðrúnargötu áleiðis inn á Rauðarárstíg, B var ekið suður Rauðarárstíg. Ökumaður B kveðst hafa verið á um 25-30 km hraða.

Ökumaður A sagðist ekki hafa séð til ferða B vegna bifreiða sem lagt var við gatnamótin og skyggðu á umferð suður Rauðarárstíg.

B lenti á vinstri hlið A. Bifreiðarnar voru töluvert skemmdar og voru líknarbelgir beggja sprungnir út. Bifreiðarnar voru fluttar af vettvangi með dráttarbifreið.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var bifreiðin B á slitnum sumardekkjum en það var snjóþekja og ísing þegar áreksturinn varð.

M vísar til þess að áreksturinn hafi átt sér stað í íbúðarhverfi þar sem hámarksökuhraði er 30 km/klst. Snjóþekja hafi verið. Áreksturinn hafi verið talsvert harður. Það bendi til þess að ökuhraði B hafi verið meiri en 25-30 km/klst. M telur að það hljóti að vera krafa að ökumaður á sumardekkjum sýni aukna varúð og aki enn hægar þegar snjóþekja er. M telur tilefni til sakarskiptingar þ.e. að ökumaður B eigi að bera hluta sakar.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum. Ökumanninum bar að gæta aukinnar aðgæslu við gatnamótin vegna takmarkaðst útsýnis. Honum bar að víkja fyrir umferð um Rauðarárstíg sbr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann A ekki.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var bifreiðin B á slitnum sumardekkjum. Með hliðsjón af framanrituðu var hún vanbúin til aksturs í hálku. Vegna þessa hefði ökumaður hennar þurft að sýna aukna aðgæslu. Líkur eru á því að árekstur þennan megi að hluta til rekja til vanbúnaðar bifreiðarinnar og aðgæsluleysis ökumanns hennar.

Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A $\frac{3}{4}$ hluta sakar og ökumaður B $\frac{1}{4}$ hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber $\frac{3}{4}$ hluta sakar og ökumaður B $\frac{1}{4}$ hluta sakar.

Reykjavík 12. apríl 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.